# 1931 nr. 36 8. september
# Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra

**Tóku gildi 1. janúar 1932.** *Breytt með* l. 141/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ [Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum[1)] sem kirkjuþing setur.][2)]

[1)] *Augl. 819/1999, sbr. 852/2001 og 291/2004.* [2)] *L. 141/1998, 1. gr.*

■ **2. gr.**

□ Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.**

□ Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

ELDRI ÚTGÁFA